

**Ed.**

**132. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leyningri atkvæðagreiðslu. Löginn falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.